

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1028**

2019/EES/15/03

frá 19. júlí 2018

um leiðréttingu á framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu nýrra tegunda og grasafraeðiheiti tegundarinnar *Lolium x boucheanum* Kunth (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja (1), einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vegna misritunar í framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2109 (2), sem breytti tilskipun 66/401/EBE, var neðanmálsgrein „(1)“ í III. viðauka við tilskipun 66/401/EBE fyrir mistök felld brott úr færslunni um „*Poaceae (Gramineae)*“. Þar af leiðandi geta aðildarríkin ekki lengur heimilað að auka hámarksþyngd framleiðslueiningar í 25 tonn ef viðkomandi birgir hefur fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi.
- 2) Því ætti að leiðrétta viðkomandi viðauka við framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 til samræmis við það.
- 3) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

**Breyting á framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109**

Viðaukanum við framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 184, 20.7.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

(2) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2109 frá 1. desember 2016 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu nýrra tegunda og grasafraeðiheiti tegundarinnar *Lolium x boucheanum* Kunth (Stjútíð. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 59).

3. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í stað færslunnar um „*Poaceae (Gramineae)*“ í fyrsta dálki töflunnar í 2. lið viðaukans við framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2109, sem breytir III. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401/EBE, komi eftirfarandi færsla ásamt meðfylgjandi neðanmálsgrein:

„*Poaceae (Gramineae)*“<sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Auka má hámarksþyngd framleiðslueiningar í 25 tonn ef viðkomandi birgir hefur fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi.“